

HEIÐARSKÓLI

fréttabréf

SpKef
Sparisjóðurinn í Keflavík



Sigurliðið ásamt Loga Bergmann stjórnanda.

Heiðarskóli sigurvegari

Sigraði í spurningakeppni grunnskólanna „Gettu enn betur“

Mikið líf og fjör var í Heiðarskóla fyrir skömmu þegar fram fór spurningakeppni milli grunnskólanna hér í Reykjanesbæ.

Logi Bergmann Eiðsson fréttamaður og stjórnandi þáttanna „Gettu betur“ sem sýndir hefa verið í Sjónvarpinu, kom og stýrnaði þessari fyrstu keppni af miklum myndarskap. Keppnin var geysispennandi og hvöttu

áhorfendur sín lið óspart. Mættu áhorfendur vel undirbúnir með skilti og spjöld sem þeir veifuðu í hvatningarskyni auk þess sem þeir létu vel í sér heyra

á réttum augnablikum. Fyrirkomulag keppinnar var þannig, að fyrst var undankeppni þar sem öll liðin kepptu hvort við annað. Þegar úrslit lágu fyrir

komust tvö lið áfram í úrslit. Að þessu sinni voru það Heiðarskóli og Myllubakkaskóli. Keppnin var geysispennandi en lauk með sigri Heiðarskólaliðsins.

Tilkynning frá Foreldrafélaginu

Fyrirhugað er að hafa hinn árlega foreldra- og fjölskyldudag laugardaginn 11. maí næstkomandi. Þá verður eitthvað gert til skemmtunar auk ýmissa uppákoma. Foreldrafélagið vill einnig ítreka og minna

þá foreldra á sem ekki hafa greitt árgjaldið að gera skil nú þegar. Hægt er að senda börnin með greiðslur til umsjónarkennara sem koma þeim áleiðis til ritara Heiðarskóla.

10. bekkingar í starfskynningum

Nemendum 10. bekkja Heiðarskóla var boðið að taka þátt í starfskynningu þann 30. janúar s.l. Þennan dag fengu þeir tækifæri til að upplifa vinnudag á sínu áhugasviði, undir stjórn leiðbeinenda úti á vinnumarkaðnum. Um var að ræða starfskynningar á hinum íslenska vinnumarkaði og í Varnarstöðinni á Keflavíkflugvelli. Þennan sama dag kynntu amerískir nemendur sér hin ýmsu störf hér í bæ. Til gamans birtum við hér þrjár starfslýsingar frá þeim Guðmundi, Helga og Guðrúnu Sigríði í 10. SN.

Guðrún Sigríður 10. SN:

Bakaði kleinur og fleira góðgæti

„Ég fór í starfskynningu í Sigurjónsbakarí. Sigurjón tók á móti mér og fór ég fyrst að baka kleinur. Síðan fórum við að baka marsipanköku, sem var auðvitað mjög góð. Kakan var síðan borðuð að hluta til niðri í Kjarna seinna um daginn og síðan fengu allir krakkarnir í 10. bekk að borða hana daginn eftir í skólanum. Eftir kökubaksturinn fórum við að baka vinarbrauð. Mér fannst þetta gaman, af því að mér finnst gaman að baka.“

Guðmundur 10. SN:

Slökkviliðið á Keflavíkflugvelli

„Ég fór í heimsókn í Slökkviliðið á Keflavíkflugvelli, ásamt þeim Binna og Þorsteini. Slökkviliðsmaðurinn Lína kom og sótti okkur

og sýndi okkur slökkvistöðina. Við skemmtum okkur ágætlega, sérstaklega í kaffinu, þegar við horfðum á American Pie og sötruðum á heitu kakói. Eftir kakóið fórum við í körfubílinn og var okkur lyft upp í 40 metra hæð. Að þessu loknu gerðist fítt markvert, þangað til við fórum í billiard. Að þessu loknu fór Lína með okkur á Wendys, þar sem allir krakkarnir hittust fyrir brottförina heim. Þetta var skemmtileg upplifun og góð tilbreyting frá hinu venjulega skólastarfi.“

Helgi 10. SN:

Svuntan bráðnaði og kálið eyðilagðist...

„Mér var skutlað upp á einhvern veitingastað uppi á flugvelli, þar sem ég átti að eyða deginum. Ég labbaði mér leið inn í eldhúsið, þar sem ég átti að hitta Mr.

Edwald, sem reyndist heita Þorsteinn. Hann hafði ekki hugmynd um að ég væri að koma, en eftir að hafa fengið staðfestingu á að ég væri í raun í starfskynningu, sagði hann mér að fara á salatbarinn. Þar tók Guðrún á móti mér og setti mig í leiðinlegasta verkefnið, að fína vínber í skál. Seinna var ég hækkaður í tign, en tókst svo vel upp með það að það þurfti að henda öllu kálinu og Guðrún var skömmuð. Þá fékk ég

stöðuhækkun og var mér plantað í hamborgarasteikingar. Plastsvuntan, sem ég hafði fengið fyrir um morguninn bráðnaði eilítið, þegar ég álpaðist til að halla mér of langt fram yfir grillið. Eftir hádegismatinn fékk ég enn og aftur stöðuhækkun og var nú settur í eldhúsið. Kokkurinn þar fékk fljótt leið á mér og skipaði mér að brjóta 36 egg í skál og enga skurn. Það tók restina af deginum. Þetta var mjög gaman og takk fyrir mig.“

FRÉTTAMOLAR

Skóladagatali breytt

Eftirtaldir breytingar hafa verið gerðar á skóladagatali Heiðarskóla veturinn 2001-2002. Samstarfsdagur, sem vera átti í byrjun janúar, var felldur niður og verður þess í stað þriðjud. 14. maí, n.k. Af þessum sökum færast allt til, sem koma átti þar á eftir um einn dag. Prófin munu hefjast 27. maí og lýkur þeim 31. maí. Samstarfsdagur verður mánudaginn 3. júní og skólaslit verða föstudaginn, 7. júní. Vonandi koma þessar breytingar ekki að sök, en þær hafa fengið umfjöllun í foreldraráði Heiðarskóla og skólaráði Reykjanesbæjar.

Tónlist fyrir alla

Mánudaginn 18. mars, verður nemendum Heiðarskóla boðið upp á Skólatónleika Tónlistar fyrir alla. Nefnist dagskráin „Bytur í stráum“, íslenski tónlistararfurinn. Guðmundur Pétursson og KK munu sjá um flutninginn og bjóða nemendum að taka þátt. Meðal þeirra laga, sem flutt verða eru; Ljósíð kemur langt og mjótt, Ísland farsælda frón, Krummi svaf í klettagjá og Krummi krunkar úti.


Völuspá

Hver er hann þessi Óðinn? Hvað er hann að vasast í öllu mögulegu og ómögulegu? Er Baldur hinn hvíti sonur hans? Hvað gera Huginn og

Muninn? Hver býr í Hnitbjörgum? Á Óðinn að deyja? Öllum þessum spurningum og fleirum var reynt að svara í uppfærslu Möguleikhússins á Völuspá sem skólinn bauð nemendum í 5., 6. og 7. bekk að sjá fyrir skömmu. Handritið að þessu leikverki gerði Þórarinn Eldjárn og hlaut hann Vorvindarviðurkenningu Íslandsdeildar IBBY, sem er veitt fyrir menningarstarf í þágu barna og unglunga. Í Völuspá hefur Þórarinn tekist að færa texta hins forna norræna ljóðs í nútímahorf, þar sem átök goðaanna birtast okkur ljóslifandi á sviðinu. Flytjendur voru þeir Pétur Eggerz og Stefán Örn Arnarson tónleikari.

Myllubakkaskóli 50 ára

Um miðjan febrúar átti Myllubakkaskóli 50 ára afmæli. eins og flestum ætti að vera kunnugt. Af þessu tilefni var skólastarfið þar brotið upp vikuna 18. til 22. febrúar. Margir kennarar og nemendur í Heiðarskóla nýttu því tækifærið og fóru í heimsókn í Myllubakkaskóla, sumir til að sjá gamla skólann sinn. Óhætt er að segja að allir höfðu gaman af og má til gamans geta þess að margir nemendur urðu hissa, þegar þeir sáu skólastjórnann sinn, hann Gunnar, vera að kenna í Myllubakkaskóla þessa vikuna.



Stefán Karl leikari á fundi með foreldrum í Heiðarskóla

Fundur um einelti

Stefán Karl Stefánsson fyllti sal Heiðarskóla fyrir skömmu. Erindið var ekki að skemmta foreldrum og öðrum gestum heldur að ræða grafalvarlegt málefni, sem er einelti.

Mjög góður rómur var gerður að erindi Stefáns Karls sem lýsti meðal annars eigin sögu. En fyrst og fremst brýndi hann fyrir foreldrum hversu lúmskt eineltið getur verið. Að lokum

benti Stefán Karl á vef sem er mjög gagnlegur og heitir; geð.is en þar eru geðorðin tíu sem allir ættu að hafa við hendina og getur hjálpað foreldrum mikið.



Hér má sjá nokkrar stúlkur úr Heiðarskóla í sínu finasta þússi á sýningunni.

200 nemendur sáu Verzlósýninguna „Slappaðu af“ í Borgarleikhúsinu

Mánudaginn 25. febrúar lögðu um 200 unglingar, þar af 60 úr Heiðarskóla, úr Reykjanesbæ land undir fót til Reykjavíkur í þeim tilgangi að berja nýjasta leikverk nemenda Verzlunarskóla Íslands augum. Þetta er þriðja árið í röð sem skólarnir

sameinast um leikhúsferð af þessu tagi og var hún velheppnuð eins og hinar fyrri.

„Slappaðu af“ nefndist sýningin og viðfangsefnið var ævi og ástir ungmenna á Íslandi í kringum 1970. Leikstjóri var Felix Bergsson og um tónlist sá

Jón Ólafsson eins og venjulega.

Góð stemmning var á sýningunni enda um mikið sjónarspil að ræða og nutu nemendur okkar sýningarinnar í hvívetna. Höfðu sumir á orði að þeir vildu fara strax aftur á sýninguna, svo skemmtileg

var hún.

Góður andi ríkti í hópnum og voru krakkarnir sjálfum sér, skólum og bænum sínum til mikils sóma eins og venjulega. Stefnt er að endurtaka leikinn og sjá aðra leiksýningu saman áður en skólaárið er úti.

5. bekkingar í Þjóðmenningarhúsinu

Fimmtudaginn 21. febrúar s.l. fóru 5. bekkir í Heiðarskóla í ferð í Þjóðmenningarhúsið. Boðið var upp á sögu-sýningu um „Kristni í þúsund ár“ og „Landnám og Vinlandsferðir“.

Sýningin er tvíþætt; minnst er atburðarinn er Íslendingar lögbundu kristna trú á Alþingi

árið 1000, hins vegar er stiklað á stóru í þúsund ára kristnisögu Íslendinga.

Ýmis skjöl eru aðaluppistaða sýningarinnar en jafnframt er brugðið upp svipmyndum af mönnum og atburðum úr sögunni með einföldum sviðssetningum, búningum og munum svo og ríkulegu

myndefni af ýmsu efni sem kemur við sögu kristni og kirkju á Íslandi í þúsund ár. Nemendur fengu fróðlega og skemmtilega leiðsögn um sýninguna. Er það samdóma álit okkar allra sem sáum þessa sýningu að hún sé mjög fróðleg og skemmtileg.

Þess má geta að nemendur

okkar voru til fyrirmyndar og fengum við símhringingu frá Þjóðmenningarhúsinu, þar sem þeim var hrósað fyrir þróðmennsku.

Sigrún Eyjólfsdóttir, deildarstj. miðstigi

Lóma tröllastelpa

Mér er alveg sama þótt einhver sé að hlæja að mér

Möguleikhúsið flutti fyrir skömmu í Heiðarskóla barnaleikritið Lóma eftir Guðrúnu Ásmundsdóttur.

Leikritið fjallar um tröllastelpuna Lómu, sem er að byrja í skóla. Og

þar sem hún er ekki eins og allir hinir krakkarnir í skólanum, (hver er það svo sem) fara skólafélagar hennar að hlæja að henni og stríða. Lóma ákveður þá að strjúka úr skólanum og fara aftur

heim til sín. Á leiðinni hittir hún Fidda, sem vildi ekki heldur vera í skóla, vegna þess að honum var strítt af því að hann var feitari en hinir krakkarnir. Í sameiningu stofna Lóma og Fiddi félagið

„Mér er alveg sama þótt einhver sé að stríða mér“ fyrir alla þá sem líður eins og þeim. Leikendur náðu vel til barnanna sem skemmtu sér mjög vel.

